# AKRANES

## DEILISKIPULAG BREIÐARSVÆÐIS

## DEILISKIPULAGSBREYTING APRÍL 2015




GILDANDI DEILISKIPULAG - 1:2000

Sbr. teikningu nr. S110, dags: 18.2.2004

Samþykkt í bæjarstjórn Akraness, dags: 25.11.2003




BREYTTUR HLUTI DEILISKIPULAG - 1:2000




SKÝRINGARMYND SUÐVESTUR




SKÝRINGARMYND NORÐVESTUR

## Greinargerð:

### Skipulagsstaða.

Samkvæmt Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 er skipulagssvæðið skilgreint sem hafnarsvæði H1 og athafnasvæði A1. Um svæði H1 segir í greinargerð aðalskipulags að þar skuli vera fjölbreytt hafnarstarfsemi, fiskvinnsla, þjónusta og önnur hafnsækin starfsemi. Deiliskipulag hefur verið unnið fyrir hluta hafnarsvæðissins. Um svæði A1 segir í greinargerð aðalskipulags að svæðið skuli nýtt fyrir hafnsækna starfsemi, sjávarútveg, fiskiðnað og annan iðnað.

Til er samþykktur deiliskipulagsuppdráttur ásamt skilmálum af Breiðarsvæði sem afmarkast af línu sem dregin er úr Lambhúsasundi eftir Bakkatúni, Vesturgötu, Bárugötu, Hafnarbraut og þaðan til sjávar um suð-austur horn lóðarinnar nr. 3a við Hafnarbraut. Stærð svæðissins er um 16 ha og segir í skilmálum að hámarksnýtingarhlutfall skuli vera 0,5. Auk þessa heildaruppdráttar eru samþykktir nokkrir deiliskipulagsuppdrættir þar sem afmörkuðum minni hlutum innan heildarsvæðissins er breytt.

### Inntak deiliskipulagsbreytingarinnar.

**A) Hafnarbraut 3**

Heimilað er að staðsetja kælibúnað (eimsvala og afskermandi veggi) á þaki Hafnarbrautar 3 en sú heimild er ekki í gildandi deiliskipulagi. Áætlað er að skipta núverandi búnaði út fyrir nýjan sem uppfyllir kröfur reglugerðar 724/2008 um hávaða. Nýr búnaður mun verða afkastameiri og lofthraði því minni, ásamt því að hljóðskermandi veggir munu skerma búnaðinn betur af gagnvart hljóði.

### Stærð, kvaðir og skilmálar lóða:

Nýjir og breyttir skilmálar eru listaðir upp hér að neðan en að öðru leyti gilda áður samþykktir skilmálar fyrir svæðið.

### Breytingar á skilmálum

**A) Hafnarbraut 3**

- Heimilað er að koma fyrir kælibúnaði og hljóðvörnum að þaki Hafnarbrautar 3
- Hámarkshæð kælibúnaðar og hljóðvarna: 10m miðað við kóta aðkomuhæðar.




HLUTI AÐALSKIPULAG AKRANESS 2005-2014

### SKÝRINGAR

- Mörk skipulagssvæðis
- Núverandi byggingar
- Lóðamörk
- Heimild fyrir kælibúnaði
- Sjór
- Kvaðir á lóð, lagnir/umferð

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. var samþykkt í/á ____________________ þann __________ 20___

Tillagan var grenndarkynnt frá ________ 20___ með athugasemdarfresti til ________ 20___.
Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ________ 20___.


ASK ARKITEKTAR EHF
GEIRSGÖTU 9 101 REYKJAVÍK
SÍMI 515 0300 FAX 515 0319
www.ask.is


ASK ARKITEKTAR

| | |
|---|---|
| VERKEFNI | BREIÐARSVÆÐI<br>300 AKRANESI |
| TEGUND TEIKNINGAR | SKIPULAGSUPPDRÁTTUR |
| HEITI TEIKNINGAR | DEILISKIPULAGSBREYTING<br>HLUTI BREIÐARSVÆÐIS |
| MKV. Í A2 | 1:2000 |
| HANNAÐ | HMH |
| TEIKNAÐ | ÖI / JÞ |
| YFIRF. | HMH |
| DAGS. | 28.04.2015 |
| VERK NR. | 1402 |
| AUÐKENNI - NÚMER TEIKNINGAR | 05-01 |
| ÚTGÁFA | |


© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR ER HÁÐ SAMÞYKKI ASK ARKITEKTA. EKKI SKAL MÆLA UPP AF TEIKNINGU.